

Tillaga til bæjarráðs Mosfellsbæjar um verkefni til allt að tveggja ára um breytt rekstrarfyrirkomulag Hlégarðs.

Tillögu flytjandi: Menningar- og lýðræðisnefnd Mosfellsbæjar

Dags: 11.4.2023

Tillaga:

Hlégarður er miðstöð menningarlífs í Mosfellsbæ og leggur menningar- og lýðræðisnefnd til að Mosfellsbær taki alfarið yfir rekstur Hlégarðs frá og með 1. maí nk.

Lögð er til tímabundin ráðning viðburðastjóra Hlégarðs til allt að tveggja ára. Viðburðastjóri Hlégarðs hefur einnig umsjón með bæjarhátíðinni í túninu heima og hátíðarhöldum vegna 17. júní og öðrum viðburðum á vegum Mosfellsbæjar í sumar.

Áætlaður kostnaður vegna launa og launatengdra gjalda við ráðningu viðburðastjóra Hlégarðs er 6,8 m.kr. en ekki var áætlað fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun ársins 2023.

Óskað er eftir því að bæjarráð undirbúi gerð viðauka við fjárhagsáætlun til að standa straum af kostnaði við framkvæmd þessarar tillögu.

Greinargerð:

Málefni Hlégarðs eru menningar- og lýðræðisnefnd hugleikin og leggur nefndin áherslu á að unnið verði markvisst að því að koma rekstri Hlégarðs sem fyrst í þann farveg sem stuðlar að eflingu menningarstarfsemi og nýttist íbúum Mosfellsbæjar hvað best.

Með því að bærinn taki yfir rekstur Hlégarðs og ráði viðburðastjóra í húsið vill nefndin efla menningarstarfsemi í Mosfellsbæ með því að bjóða einstaklingum, félagasamtökum og öðrum hagaðilum rými til sköpunar, samveru og viðburðahalds.

Einnig er með verkefninu leitast við að standa við gildandi stefnu Mosfellsbæjar í menningarmálum fyrir árin 2020-2024. Hlégarður verði nýttur í auknum mæli sem miðstöð menningarlífs í Mosfellsbæ og aðgengi aukið fyrir bæjarbúa. Þar verði hægt að flytja tónlist, sýna myndlist, halda leiksýningar, fundi, ráðstefnur, sögukvöld og annað sem felur í sér menningu og samveru.

Mosfellsbær hefur þegar lagt í umtalsverða fjárfestingu í endurbótum á Hlégarði og áður en farið verður í að leggja mikið fjármagn í frekari endurbætur á húsinu leggjum við til að ráðinn verði inn viðburðastjóri sem sinnir húsinu næstu tvö árin með þau markmið sem tekin eru fram hér að ofan eru höfð sem leiðarljós. Á þessum tveimur árum munum við Mosfellingar kynna húsnaðinu og hvernig það mun nýtast sem best.

Menningar og lýðræðisnefnd mun vinna að stefnu og framtíðarsýn varðandi Hlégarð sem verður kynnt um leið og ný stefna í menningarmálum. Í þeirri vinnu mun nefndin vinna með íbúum og hagsmunaaðilum og viðburðastjóra hússins.

Hér skal því haldið til haga að mikilvægt er að stilla upp rekstraráætlun fyrir húsið til næstu tveggja ára. Greina þarf fjárfestingar og endurbætur sem eftir er að framkvæma í húsinu. Þar með talið endurbætur á annarri hæð, fjárfesting í ljósa- og hljóðbúnaði, almennan rekstur, tekjumöguleika og launakostnað.